

LÚS, NJÁLGUR OG KLÁÐAMAUR Á MEÐGÖNGU

HÖFUÐLÚS (OG FLATLÚS)

Við höfuðlús þarf að kempa hárið reglulega. Sjá leiðbeiningar landlæknisembættis

[https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12489/Hofudlus-\(Pediculus-humanus-capitis\)](https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12489/Hofudlus-(Pediculus-humanus-capitis))

Fyrir barnshafandi konur má mæla með Hedrin®, sem er ekki lyf. Það frásogast ekki, er silicon efni (dimeticon og cyclometicon) sem hjúpar lúsina og gerir út af við hana. Borið í þurrt hár, er ekki sjampó og mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum.

Margvísleg efni og lyf eru á markaði við höfuðlús og mikilvægt fyrir barnshafandi konur að fá góðar upplýsingar í lyfjabúðum ef önnur efni eru notuð.

NJÁLGUR

Vanquin® (pyrvin), lausasöluþynging, er í áhættuflokki A skv. FASS og ætti að vera fyrsta val á meðgöngu. Það frásogast ekki og berst ekki í brjóstamjól.

Vermox® (mebendazol) er í flokki B:3 skv FASS og hefur ekki verið hreinsað af grun um fósturskemmandi verkun. Varla er þó ástæða til að hafa miklar áhyggjur þótt kona hafi tekið Vermox á meðgöngu. Óvíst er hvort það berst í brjóstamjól og ætti því síður að nota það þá, enda ekki ætlað börnum yngri en tveggja ára.

KLÁÐAMAUR

Tenutex® (bensylbensoat og disulfiram) er eina virka lyfið á markaði gegn kláðamaur (scabies). Það er í áhættuflokki B:2 á meðgöngu og flokki IVa við brjóstgjöf skv FASS, þ.e. lítið vitað um áhrif þess á fóstur/barn. Því er sjálfsgagt að forðast að nota það á fyrsta þriðjungi meðgöngu ef hægt er að fresta meðferð.